

KORNIÐ


Fréttabréf Akurskóla • 9. árgangur • 2. tölublað • maí 2013
Ábm.: Sigurbjörg Róbertsdóttir, skólalastjóri

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



Listaverk í leiðinni

Gangandi vegfarendur í Innri-Njarðvík geta núna notið listaverks sem nemendur Akurskóla sköpuðu á dögnum. Verkið heitir *Heimur undirdjúpanna* og er staðsett á gamla frystihúsinu Brynjólfi. Verkið er í raun fiskinet sem hengt hefur verið á vegginn og síðan eru mörg leirverk nemenda af fiskum, skeljum og öðru sjávarlífi hengd á netið. Helga Lára Haraldsdóttir myndlistakona hefur stýrt vinnu við verkið og voru nemendur hæstánægðir með útkomuna. Þetta er samvinnuverkefni skólans og vinna nemendur saman frá hugmyndavinnu til fullkláraðs listaverks. Verkið var unnið í samræmi við *Listaverk í leiðinni* og er hugmyndin sú að gangandi vegfarendur sem eiga leið um sjávarsíðuna njóti góðs af, auk þess sem nemendur læra að meta umhverfislist, liti, fegurð sjávarins og menningu okkar. Einnig hafði Akurskóli til umráða kaffihúsið Kaffítár þar sem nemendur skólans settu upp verk víðsvegar um kaffihúsið til að gestir og gangandi gætu notið verkanna sem eru einnig unnin undir formerkjum Listaverks í leiðinni.



Barnahátíð

Föstudaginn 13. maí var mikið um að vera hjá nemendum Akurskóla. Strax um morgunin fóru nemendur í 1., 3. og 8.-9. bekk niður að Brynjólfi, gamla frystihúsinu, þar sem útilistaverk nemenda var afhjúpað. Verkið ber heitið *Heimur undirdjúpanna* og eru mörg lítil leirlistaverk hengd á net á vegg hússins. Helga Lára Haraldsdóttir hefur stýrt vinnu við verkið og voru nemendum hæstánægðir með útkomuna. Á sama tíma var sýning á verkum nemenda í kaffihúsinu Kaffitár í Innri Njarðvík.

Þá héldu nemendur í 5. og 6. bekk í Stapa kl. 10 og voru við setningu Barnahátíðar. Þar komu fram fjöldinn af nemendum grunnskólanna á svæðinu, hver með sitt atriði. Leiklistarval Akurskóla sýndi þar brot úr verki sem frumsýnt verður júní. Leikstjóri verksins er Jóna Guðrún Jónsdóttir.

Nemendur úr 7. bekk sýndu Akurskóla leikverk á Nesvöllum en þar var á ferðinni hressileg útgáfa af Rauðhettu og úlfinum.



Litla upplestrarkeppnin

Litla upplestrarkeppnin hjá 4.-5. bekk var miðvikudaginn 17. apríl. Nemendur lásu upp fyrir dómnefnd og stóðu sig mjög vel. Olga Nanna bar sigur úr bítum, í 2. sæti var Freyja Isobel og 3. sæti var Reynir Aðalbjörn. Við óskum þeim til hamingju með þennan frábæra árangur ásamt öllum sem tóku þátt. Dómnefndina skipuðu þær Magnea, Unnur Ósk, Sóley og Bryndís



Skóladaatal 2013- 2014

Birt með fyrirvara um breytingar

AGUST		SEPTEMBER		OKTOBER		NOVEMBER		DESEMBER	
1 F		1 S	Vika 3	1 Þ	Opnir skólar samstarf	1 F		1 S	Fullveldisdagurinn
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M	Jólabema
3 L		3 Þ		3 F		3 S	Vika 12	3 Þ	Jólabema
4 S		4 M		4 F		4 M		4 M	Jólabema
5 M	Friðdagur verslunarmann	5 F	Ljósanótt sett	5 L	Comeniusar gestir	5 Þ		5 F	
6 Þ		6 F		6 S	Vika 8	6 M		6 F	
7 M		7 L		7 M	Comeniusar gestir	7 F		7 L	
8 F		8 S	Dagur læsis/V4	8 Þ	Comeniusar gestir	8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S	Vika 17
9 F		9 M		9 M	Comeniusar gestir	9 L		9 M	
10 L		10 Þ		10 F		# S	Vika 13	10 Þ	
11 S		11 M		11 F		# M		11 M	
12 M	Námskeiðisdagur	12 F		12 L		# Þ		12 F	
13 Þ	Námskeiðisdagur	13 F		13 S	Vika 9	# M		13 F	
14 M	Skólabróun/ráðstefna	14 L		14 M		# F		14 L	
15 F	Starfsdagur	15 S	Vika 5	15 Þ		# F		15 S	Vika 18
16 F	Starfsdagur/útinám	16 M	Dagur ísl náttúru	16 M		# L	Dagur ísl. tungu	16 M	
17 L		17 Þ		17 F		# S	Vika 14	17 Þ	
18 S	Vika 1	18 M		18 F	Starfsdagur	# M		18 M	
19 M	Starfsd/Opnir skólar 13-16	19 F		19 L		# Þ		19 F	
20 Þ	Starfsdagur	20 F		20 S	Vika 10	# M		20 F	Jólahátíð
21 M	Starfsdagur	21 L		21 M	Vetrarleyfi	# F	Starfsdagur	21 L	
22 F	Skólaásetning	22 S	Vika 6	22 Þ		# F	Starfsdagur	22 S	
23 F	Kennsla/hópefli	23 M	Samr.pr 10.b	23 M		# L		23 M	Porláksmessa
24 L		24 Þ	Samr.pr 10.b	24 F		# S	Vika 15	24 Þ	Aðfangadagur jóla
25 S	Vika 2	25 M	Samr.pr 10.b	25 F		# M		25 M	Jóladagur
26 M		26 F	Samr.pr 4. og 7. b	26 L		# Þ		26 F	Annar í jölum
27 Þ		27 F	Samr.pr 4. og 7. b	27 S	Vika 11	# M		27 F	
28 M		28 L		28 M		# F		28 L	
29 F		29 S	Vika 7	29 Þ		# F		29 S	
30 F		30 M		30 M		# L		30 M	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur

JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Nýársdagur	1 L		1 L		1 Þ		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 S	Vika 39
2 F		2 S	Vika 23	2 S	Vika 27	2 M		2 F		2 M	Pema Undir berum himni
3 F		3 M		3 M	Bolludagur	3 F	Árshátíð nemenda	3 L		3 Þ	Pema Undir berum himni
4 L		4 Þ		4 Þ	Sprengidagur	4 F		4 S	Vika 35	4 M	Skertur dagur
5 S	Vika 19	5 M		5 M	Óskudagur	5 L		5 M		5 F	Starfsdagur
6 M	Brettandinn/kennsla	6 F	Samstarf/Dagur leikskólans	6 F		6 S	Vika 32	6 Þ		6 F	Skólaslit
7 Þ		7 F	Dagur stærðfræðinnar	7 F		7 M		7 M		7 L	
8 M		8 L		8 L		8 Þ		8 F		8 S	Hvítasunnudagur
9 F		9 S	Vika 24	9 S	Vika 28	9 M		9 F		9 M	Annar í hvítasunnu
10 F		# M		# M		# F		10 L		# Þ	Starfsdagur
11 L		# Þ		# Þ		# F		11 S	Vika 36	# M	Starfsdagur
12 S	Vika 20	# M		# M		# L		12 M		# F	Starfsdagur
13 M		# F		# F		# S	Pálmasunnudagur	13 Þ	Mæðradagurinn	# F	
14 Þ		# F		# F		# M		14 M		# L	
15 M		# L		# L		# Þ		15 F		# S	
16 F		# S	Vika 25	# S	Vika 29	# M		16 F		# M	
17 F		# M		# M		# F	Skírdagur	17 L		# Þ	Lýðveldisdagurinn
18 L		# Þ		# Þ	Skertur dagur	# F	Föstudagurinn langi	18 S	Vika 37	# M	
19 S	Vika 21	# M		# M		# L		19 M	Starfsdagur	# F	
20 M		# F		# F		# S	Páskadagur	20 Þ		# F	
21 Þ	Samtalsdagur	# F		# F		# M	Annar í Páskum	21 M		# L	
22 M		# L		# L		# Þ	Vika 33	22 F		# S	
23 F		# S	Vika 26	# S	Vika 30	# M		23 F		# M	
24 F		# M		# M		# F	Sumardagurinn fyrsti	24 L		# Þ	
25 L		# Þ		# Þ		# F		25 S	Vika 38	# M	
26 S	Vika 22	# M		# M		# L		26 M		# F	
27 M		# F	Skertur dagur	# F		# S	Vika 34	27 Þ	Samtalsdagur	# F	
28 Þ		# F	Vetrarleyfi	# F		# M		28 M	Opnir skólar samst.	# L	
29 M				# L		# Þ		29 F	Upptigningadagur	# S	
30 F				# S	Vika 31	# M		30 F	Vorhátíð	# M	
31 F				# M				31 L			

Skólaslit í Akurskóla

Fimmtudaginn 6. júní verða skólaslit Akurskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

1. bekkur 8:15
2. - 3. bekkur 9:30
4. - 5. bekkur 10:30
6. - 7. bekkur 11:30
8. - 9. bekkur 12:30



Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Akurskóla er kl. 14:00 fimmtudaginn 6. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.

Bókaskil

Þegar líður að sumarfrí er mikilvægt fyrir okkur í skólanum að fá inn allar bækur í eigu skólans. Þetta á bæði við um bókasafnsbækur og fjölnota kennslubækur sem nemendur hafa fengið afhentar. Á mörgum heimilum leynast bækur sem nemendur hafa fengið lánaðar í gegnum árin. Við viljum biðja foreldra og nemendur að fara yfir bækur og annað skóladót og skila því sem tilheyrir skólanum.

Þökkum samstarfið

Starfsfólk Akurskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir samstarfið á skólaárinu sem senn er að ljúka. Skólasetning næsta haust verður fimmtudaginn 22. ágúst en nánari tíma-setning verður auglýst í staðarblöðunum í ágúst nk. Skóladagatal næsta skólaárs er birt hér til hliðar í þessu fréttabréfi og á heimasíðu skólans og gott er að geyma það. Við vonum að allir hafi það gott á komandi sumri og við sjáumst glöð og sæl næsta haust.

Blaðsnápar Akurskóla

10. bekkur Akurskóla í starfskynningu

Höf: Adam, Bjarmi, Elín, Kjartan og Kristinn

Miðvikudaginn 8. maí fóru nemendur 10. bekkjar Akurskóla í starfskynningu hjá hinum ýmsu fyrirtækjum. Einhverjir kynntust störfum lögreglunnar, aðrir kynntu sér starf flugvirkja og allt út í grasalækni.

María Rós Benediksdóttir, nemandi í Fálkum, heimsótti Bláa lónið og við spurðum hana um hvað hún gerði þar. Hún sagði ástæðuna fyrir því að hafa farið þangað hafi verið sú að hana langaði að fá frítt ofaní lónið. María sagði það hafa komið henni á óvart hvað starfskynningin var skemmtileg en plan hennar til að byrja með var þó að heimsækja lögguna, en þar var allt fullt.

Við náðum einnig í skottið á **Ellen Hildu Sigurðardóttur** sem er í Fálkum. Hún fór á sjúkrahúsið í Keflavík þar sem hún fékk að kynnast störfum hjúkrunarfræðinga. En af hverju ákvað Ellen að fara þangað? „Vegna þess að mig langar að verða hjúkka.“ Ellen sagðist hins vegar búast við mun betri kynningu og sagði þetta vera of stuttur tími en hún sagðist vera til í að vinna á sjúkrahúsinu í framtíðinni sem heilaskurðlæknir. Aðspurð hvort hún hefði frekar vilja fara eitthvað annað í starfskynningu sagði hún: „Já, til Flórída!“

Sóley Ösp Sverrisdóttir og **Alexander Hauksson** sóttu Verkfræðistofu Suðurnesja en Sóley mætti í viðtal hjá okkur. Sóley sagðist hafa ætlað í arkitektúrinn en það hafi ekki staðið til boða svo hún tók verkfræðinginn. Við hverju bjóstu? „Ég vissi ekki hverju ég átti að búast við en þetta var mjög skemmtilegt.“ Sóley hyggst ætla sér að verða arkitekt í framtíðinni. Hvað gerðu þau í verkfræðikynningunni? „Við fórum á Keflavíkurflugvöll og fundum út hvernig á að útbúa vindhelt skýli.“

Þá fóru þau **Ívar Örn Jónsson**, Þorvaldur Norðfjörð, Hafþór Orri, Maríanna Líf og Isabel Guðrún í kynningu hjá Lögreglunni á Suðurnesjum. Við fengum Ívar í viðtal til okkar og spurðum hann spjörum úr. Af hverju heimsóttirðu lögregluna? „Ég ætla að verða löggja og hef áhuga á því.“ En við hverju bjóst Ívar og hvað kom þér á óvart? „Ég bjóst við því að fá að halda á byssu og það kom mér á óvart hvernig þetta starf er,“ sagði hann, en hann fékk að halda á byssunni. Þegar Ívar var spurður að því hvort hann væri til í að starfa sem lögreglumaður í framtíðinni svaraði hann því eindregið játandi. En hefði hann vilja heimsækja eitthvað annað fyrirtæki? „Nei, bara í Bláa lónið að éta,“ svaraði Ívar. Voru einhverjar sætar stelpur hjá löggunni? „Nei, en samt einn sætur gaur.“

Við viljum þakka öllum viðmælendum okkar og óskum þeim að sjálfsögðu alls hins besta í nánustu og fjarlægustu framtíð.

Lipurtær í London



Eldsnemma um morgun, þann 24. mars 2013 lögðu ellefu ballerínur, þar af fimm úr Akurskóla, af stað í dansferð til London. Með okkur voru tveir starfsmenn Bryn Ballett Akademinunnar, þær Auður Bergdís Snorradóttir, nútímadanskennari og Bryndís Einarsdóttir skólastjóri auk Daniels Coaten fararstjóra. Við höfðum safnað fyrir ferðinni í rúmt ár með því t.d. að halda dansmaráðon, selja blóm, lakkris, páskaegg, kökur og margt fleira.

Við gistum í þriggja hæða húsi frá Viktoríutímabilinu, sem var í West End hverfi London. Margt og mikið var

gert, og fórum við meðal annars í danstíma í Dance Works og Pineapple Dance Studios, þar sem við fórum í allskonar tíma eins og t.d. klassískan ballett, jazz ballett, hip hop, burlesque, söngleikjadans, house dans og Duncan dans. Við skoðuðum söfn eins og Ripleys - ótrúlegt en satt og Maddame Tussauds heimsótt, fórum í allskonar dansbúdir og borgin skoðuð. Svo fórum við líka í London Eye, sáum Big Ben og margt fleira. Farið var á tvær danssýningar, söngleikinn heimsfræga Chorus Line og klassíska ballettverkið Giselle með Mikhailovsky ballettflokknum frá Rússlandi.

Ferðin var ótrúleg upplifun fyrir okkur sem höfðum margar aldrei komið til London og heldur ekki farið í neðanjarðarlest eða rauðan strætó. Það sem gerði ferðina einstaka var að við erum svo ótrúlega samheldinn hópur og allar svo góðar vinkonur. Við fengum líka að kynnast því að þurfa að sjá um allt sjálfar eins og að kaupa í matinn, þrifa og ganga frá. Í þessari ferð eignuðumst við minningar sem við munum aldrei gleyma og var þetta ótrúlega skemmtileg og vel heppnuð ferð.

Höf: Una Maía Magnúsdóttir, Gabriela Ósk Vignisdóttir, Guðrún Eir Jónsdóttir, Karen Rós Smáradóttir og Bjarki Snær Smárason.





Vorferðir

- Nemendur Akurskóla fóru síðastliðna viku í vorferðir -

Þann 14. maí fór 1. bekkur í sitt fyrsta vorferðalag í Akurskóla. Leiðin lá að sveitabænum Bjartheyjarsandi í Hvalfirði en þar er stunduð sauðfjárrækt og ferðaþjónusta. Krakkarnir fengu að skoða fjárhúsin og meðal annars halda á nýfæddum lömbum. Eftir fjárhúsin lá leiðin niður í fjöru þar sem var leikið sér og buslað í sjónum þar til komið var að hádegismat. Eftir það léku krakkarnir sér á leikvöllinum og var heimkoma um þrjúleytið.

2. bekkur fór í velheppnaða vorferð þann 15. maí. Að þessu sinni var farið í Fræðasetrið í Sandgerði þar sem þau fengum lánaðar fötur. Því næst keyrðum þau að Garðskagavita og fórum í fjöruna þar fyrir neðan. Í fjörunni beindist athygli okkar fljótlega að afar gæfum sel sem kom mjög nálægt landi og synti fram og til baka og var mjög áhugasamur um alla þessa krakka í fjörunni. Að fjöruferðinni lokinni fórum þau í Fræðasetrið þar sem þau fengum að skoða það sem þau höfðum fundið í fjörunni í smásjá. Að endingu grilluðum við pylsur, borðuðum saman og höfðum það notalegt og héldum svo aftur heim á leið.

Nemendur í 3. bekk fóru 14. maí í Orkuverið Jörð þar sem vel var tekið á móti þeim. Þau fengu kynningu á safninu og fengu meðal annars að upplifa jarðskjálfta upp á 6.5 á Richter skalanum. Eftir safnið var flakkað á milli heimsálfanna og leikið sér í sandinum og tjörnunum hjá Sandvík.

4. og 5. bekk var skipt upp þetta árið og fóru í sitthvora ferðina 15. maí. 4. bekkur byrjaði á því að ganga upp Þorbjörn og borðuðu nestið sitt þar. Eftir það fóru þau Reykjaneshringinn þar sem þau skoðuðu Reykjanesvitann, Gunnuhver, gengu brúna milli tveggja heimsálfa, borðuðu hádegismat og léku sér.

5. bekkur fór með rútu til Reykjavíkur. Þar heimsóttum þau Þjóðminjasafnið þar sem nemendur fræddumst um landnám Íslands og fengu að skoða ýmsa muni sem hafa fundist frá þessum tímum, þeir fengu einnig að klæðast fötum sem fólk klæddist áður fyrr. Nemendur fóru einnig í Nauthólvíkina þar sem þeir syntu í sjónum og hlýjuðu sér svo í heitapotinum.

6. - 7. bekkur fóru 16. maí í mjög skemmtilega ferð í Laser-Tag Kópavogi. Þar skemmtu nemendur sér vel, sérstaklega við að *skjóta* á kennara og stuðningsfulltrúa. Á heimleiðinni var stoppað í Sólbrekku og snætt nesti.

8. – 9. bekkur lögðu af stað með rútu kl 8:30 þann 15.maí.og lá leiðin í Laser-Tag í Kópavoginum. Nemendur og kennarar skemmtu sér mjög vel og keppnisskapið leyndi sér ekki. Þaðan lá leiðin í Ísbúð Vesturbæjar í Kópavogi. Vegna starfsmannaeklu þá brugðu kennarar sér í svuntur og afgreiddu 54 þeytinga á klukkustund. Geri aðrir betur! Þaðan lá leiðin heim og allir voru saddir og sælir eftir frábæra vorferð.

10. bekkur lagði af stað í ferðalag 14. maí og stefnan var á Bakkaflöt í Skagafirði. Þar gistum þau í 3 nætur og farið var í litbolta, flúðasiglingu, fjárhús, á skotæfingu og í sund á Hofsósi. Það sem stóð uppúr í ferðinni hjá þessum samrýmda og flotta hópi var Eurovision kvöldin, horfa á lítið lamb koma í heiminn og flúðasiglingin.





Hátíðarkvöldverður 10. bekkjar

Í tengslum við árshátíð grunnskólanna í Reykjanesbæ fyrir 8. - 10. bekk komu nemendur 10. bekkjar og starfsfólk Akurskóla saman á hátíðarkvöldverði. Foreldrarir höfðu skreytt salinn, undirbúið matinn og þjónuðu til borðs. Mörg atriði voru á dagskrá eins og myndasýningar, viðurkenningar frá nemendum til nemenda, ræður frá skólastjóra og nemendum og flugeldasýningarhávaði frá kennurunum. Frábært kvöld og við þökkum foreldrunum kærlega fyrir þeirra þátt.



Leiksýning - Leiklistarval

Frá því í janúar sl. hafa nemendur í leiklistarvali Akurskóla, úr 8. 9. og 10. bekk, unnið hörðum höndum að æfingum á leikritinu „Sjöburarnir í Stjarnarfirði“ eftir Sjón og Hörpu Arnardóttur. Nemendur sýndu hluta úr verkinu á árshátíð skólans og á Barnahátíð Reykjanesbæjar við mikið lof. Nú er komið að frumsýningunni þar sem áhorfendur fá að njóta verksins í fullri lengd. Leikstjóri og kennari er Jóna Guðrún Jónsdóttir.



Frumsýningin verður í sal Akurskóla mánudaginn 3. júní nk. kl. 20.00. Miðaverð er 500 krónur. Ágóði af miðasölu rennur beint til nemenda í Flott án fíknar – hópnum. Allir eru velkomnir.

Auglýsing

Við óskum eftir notuðum, gömlum (en ekki ónýtum) örbylgjuofni sem við gætum nýtt okkur í tilraunastarfsemi í náttúrufræði. Einnig ef einhver lumar á ferðahelluborði (tvær saman) þá yrði það vel þegið.

Kveðja náttúrufræðikennarar
Akurskóla

Þemadagar -Undir berum himni-

Dagana 29.-31. maí verður kennslan brotin upp og við sláum upp þemadögum. Þemað í ár er *Undir berum himni* og munu því nemendur eyða miklum tíma utandyra. Því er gott að hafa í huga að nemendur verði klæddir eftir veðri svo að allir geta tekið þátt.

Mismunandi stöðvar verða í boði og eru nemendum skipt eftir aldri. 1.-3. bekkur verða saman á stöðvum, 4.-7. bekkur og því næst 8.-10. bekkur.

Árshátíð Akurskóla

Árshátíð skólans var haldin föstudaginn 22. mars. Hátíðin var þrískipt eins og venjulega. Salurinn var skreyttur hátt og lágt með páskaeggjum sem hver bekkur bjó til og fallegum fiðrildum. Nemendur stóðu sig frábærlega, hvort sem var í leik, söng eða dansi og atriðin voru hin glæsilegustu. Að hátíð lokinni gæddu nemendur, foreldrar og starfsfólk sér á veitingum sem foreldrar komu með á hlaðborð.



Flott án fíknar klúbburinn í Akurskóla

Flott án fíknar er verkefni sem tekur til þriggja þátta, neyslu tóbaks, áfengis og ólöglegra fíkniefna. Verkefnið byggist á samningsbundnu klúbbastarfi og viðburðadagskrá þar sem unglingar skemmta sér saman á heilbrigðan og uppbyggilegan hátt.

Hugmyndafræði klúbbsins Flott án fíknar snýst um að koma í veg fyrir að unglingar byrji að fíkta við tóbak og áfengi og styrkja þá í þeirri ákvörðun. Markmiðið með klúbbastarfinu er að unglingum finnist eftirsóknarvert að eyða æskunni á heilbrigðan hátt og án tóbaks og vímuefna.

Viðburðir á þessu skólaári: bíókvöld, kósýkvöld, sundlaugarpartý, kaffihúsakvöld, strákakvöld, stelpukvöld, kökukeppni, óvænt kvöld og ýmis böll og að lokum óvissuferð.

Flott án fíknar hópurinn fór í óvissuferðina sína föstudaginn 24.maí. Lagt var af stað kl.14 á föstudeginum og komið til baka kl.17 á laugardeginum. Ferðin hófst með stoppi í Hafnafirði þar var krökkunum skipt í hópa og þau látnin fá fyrirmæli þar sem fram komu ýmis atriði sem þau þurftu að framkvæma og taka mynd af því. Þaðan var farið á ylströndina í Nauthólsvík og haldið áfram með leikinn. Eftir það fór hópurinn í Keiluhöllina og síðan í sund í Salalaug í Kópavoginum. Þegar búíð var í sundi var farið með hópinn upp í Breiðholtsskóla, þar sem Jónína Ágústsdóttir fyrrverandi skólastjóri Akurskóla og núverandi skólastjóri Breiðholtsskóla tók á móti hópnum, en þar gistum við síðan um nóttina. Kvöldmaturinn var pizza og gos, en það klikkar aldrei. Félagsmiðstöðin í Breiðholtsskóla var opin um kvöldið og hafði nemendaráð skólans undirbúið leikjakvöld í íþróttahúsinu fyrir krakkana. Það var svo farið í leiki til kl.23, eftir það fengu þau kvöldkaffi (skúffuköku í boði Unnar matreiðslukennara) og heitt kakó með rjóma. Að lokum var spilað miðnæturbíngó fram eftir nóttu. Daginn eftir fórum við svo í Skautahöllina og eftir það héldum við áfram með leikinn í Smáralindinni. Það var svo komið heim um fimmleytið. Þessi ferð tókst mjög vel og fannst krökkunum hún hafa liðið allt of fljótt. Allir krakkarnir í ferðinni stóðu sig mjög vel og voru í alla staði til fyrirmyndar. Það er einhvern veginn þannig með krakkana okkar í Akurskóla þau eru bara svo frábær í alla staði. Við viljum að lokum óska þeim öllum góðs sumars og nemendum í 10.bekk þökkum við sérstaklega fyrir ánægjulegar samverur á undanförunum árum. Kveðja, Lúlla klúbbstjóri, Birna, Ingi og Elín Rós.





Frá stjórn FFA

Til hamingju foreldrar!

Foreldrafélag Akurskóla (FFA) fékk tvær tilnefningar til foreldraverðlauna Heimilis og skóla. Annars vegar fyrir fjölbreytt starf og hins vegar fyrir námskeiðin *Ég og þú, þú og ég*. Jóna Guðrún Jónsdóttir, formaður félagsins fór og veitti viðurkenningunum móttöku við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 15. maí sl.



Jóna og Halldóra með viðurkenningarskjalið

Aðalfundur FFA var haldinn 22. maí sl. Nokkrar breytingar urðu á stjórn félagsins. Halldóra Hreinsdóttir tekur við sem formaður á nýju skólaári. Aðrir í stjórn félagsins verða Hrefna Viðarsdóttir, Þóra Guðrún Einarsdóttir, Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir, Örn Ævar Hjartarson og Anna María Jónsdóttir. Þóra Guðrún Einarsdóttir var kosinn fulltrúi foreldra í skólaráði til næstu tveggja ára. Við þökkum fráfarandi stjórn fyrir gott starf á árinu og viljum við óska nýrri stjórn velfarnaðar á nýju skólaári.



Fráfarandi stjórn



Nýja stjórnin



Sumargjafir FFA eru komnar í hús og nú geta nemendur Akurskóla skemmt sér úti í frímínútum við ýmiskonar boltaþróttir.



Foreldrafélagið vil þakka foreldrum fyrir samstarfið þetta skólaár og við hlökkum til þess næsta. Gleðilegt sumar.

Myndir frá *Ég og þú, þú og ég*

